



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík 22. september 2017

Unnur Brá Konráðsdóttir  
Forseti Alþingis  
Alþingishúsinu  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Á fundi velferðarráðs þann 21. september 2017, lögðu Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata og áheyrnarfulltrúi Framsóknar fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir ítreka áskorun borgarstjórnar frá 4. október 2016 og mikilvægi þess að lögfesta þjónustufyrirkomulagið NPA (notendastýrða persónulega aðstoð). Þriðja framlenging tilraunaverkefnisins um NPA rennur út núna um áramótin og hefur mikill kvíði og óvissa skapast hjá bæði þeim sem reiða sig á þjónustuna og ekki síður hjá þeim sem bíða eftir að þjónustan verði lögfest.

Ljóst er að ekki þykir líklegt að tími gefist til að samþykkja heildarlög um málefni fatlaðs fólks fyrir kosningar og því er lögð áhersla á að lagt verði fram á Alþingi sérstakt frumvarp um NPA þjónustu.

Virðingarfyllst,

  
Regína Ásvaldsdóttir

Sviðsstjóri

Afrit:

Nichole Leigh Mosty, formaður velferðarnefndar